

### Upplýsingar vegna Kjósaskarðsvegar

- Kjósaskarðsvegur er hættulegur (sjá upplýsingar frá Óðni).
- Varaleið vegna Kjalarnes vegna veðurs (t.d stórir bílar og flutningabílar).
- Mjög vaxandi umferð (ferðamenn og umferð suðurland-vesturland).
- Tengivegur vegna vesturlands-suðurlands.
- Ber ekki þá umferð sem um hann fer (burðarþol + frostþol)
- Tilbúinn í útboð strax.
- Hentar vel fyrir alla gerðir verktaka.
- Lengi verið bent á nauðsyn á endurbótum (sjá upplýsingar frá hreppsnefnd).
- Mikilvægur vegna vaxandi ferðamannaiðnaðar á svæðinu.
- Mikil breyting á umferð á svæðinu vegna annara nýrra vega t.d Lyngdalsheiði, Suðurstrandavegi og ný Hvítárbrú.

## 1. STEFNUMÓTUN SAMGÖNGUÁÆTLUNAR

Góðar samgöngur eru ein af grundvallarforsendum fyrir öfluggu atvinnulífi, framförum og kraftmiklu þjóðlífi. Að auki eru þær mikilvæg atvinnugrein sem veitir fjölda manns vinnu og aflar mikilla gjaldeyristekna. Stórstígum framförum í samgöngumálum þjóðarinnar á undanförunum áratugum hafa þó einnig fylgt neikvæð áhrif á lífsgæði og umhverfi. Þannig hafa t.d. umferðarslys tekið allt of stóran toll og áhrif umferðar á umhverfið eru mikil og oftast neikvæð.

Eitt af brýnustu verkefnum næstu ára er að draga svo úr neikvæðum áhrifum samgangna að þau falli innan marka sjálfbærrar þróunar án þess þó að kostir góðra samgangna skerðist. Þá verður uppbygging samgöngukerfisins að stuðla að jákvæðri byggðaðróun, tryggja greiða flutninga til og frá landinu og jafnframt að við hvers kyns úrbætur sé sem hagkvæmstu leiða leitað.

Taflan sýnir minnkun á akstri á fimm stöðum á landinu á hringveginum frá árinu 2007 til 2011

Heimild: [http://www.vegagerdin.is/media/frettir-2011/Throun-2005-2011\\_jan-desember.pdf](http://www.vegagerdin.is/media/frettir-2011/Throun-2005-2011_jan-desember.pdf)

Hellisheiði	Úlfarsfell	Hvalfjarðargöng	Gljúfurá	Möðrudalsöræfi
-13,87%	-2,57%	-9,2%	-2,76%	-2,62%

## **Tillögur vegna Kjósaskarðsvegar**

### **Fyrri tillaga:**

Útboð á Kjósaskarðsvegi 2013-2014 (700 milljónir).

### **Vara tillaga:**

Útboð á Kjósaskarðsvegi 2013-2014 150 milljónir + 200 milljónir og 300 milljónir 2018-2022.